

Almennar upplýsingar:

Nafn Hrafnhildur Brynjólfsson
Erindi nr. P-2021-06-23-0033
Kennitala [REDACTED]
Heimilisfang [REDACTED]
Póstnúmer [REDACTED]
Símanúmer [REDACTED]
Netfang hrafnhildur@alta.is
Nafn forsvarsmanns (ef um fjöleignarhús er að ræða) Eysteinn Jóhann Dofrason Björgun ehf
Netfang tengiliðs eysteinn@bjorgun.is

Greiðanda kenitala 4601697399
Greiðanda nafn Björgun ehf.
Greiðanda netfang eysteinn@bjorgun.is

Framkvæmdasvæði

Heimilisfang/lóðarheiti Víðisnesvegur 22

Umsækjandi er Í umboði eiganda

Umsækjandi Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag

Erindið fjallar um Breytingu á deiliskipulagi

Stutt lýsing á erindi

Óskað er eftir óverulegri breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Álfisnesvík þannig að tæki, skýli og haugar á lóð Víðisnesvegur 22 geti verið 14 m há í stað 12 m eins og skilmálar eru um í gildandi deiliskipulagi. Óskað er eftir að málsmeðferð fari eftir heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og að breytingin verði ekki grenndarkynnt þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda. Áhrif breytingarinnar eru óveruleg á alla og er það rökstutt í tillögunni. Breytingin er sett fram í greinargerð. Björgun, sem sækir um breytinguna, hefur verið í sambandi við Björn Inga Edvardsson vegna breytingarinnar. Óskað er eftir því að breytingin fari inn á afgreiðslufund þann 25. júní 2021 sé þess nokkur kostur. Hrafnhildur hjá Alta er tengiliður Björgunar við Reykjavíkurborg og leggur inn þessa umsókn - hrafnhildur@alta.is / gsm 843 4949.

Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn 2 þar sem við á

Greinargerð

Lýsandi nafn
skjals
A1234-116-U01-Alfisnesvik---overuleg-breyting-deiliskipulag.pdf

Önnur gögn

Lýsandi nafn umbod-Bjorgun-undirritad.pdf
skjals

-

Nei, ekki hefur verið haft samband við veitufyrirtæki
Breytingin varðar ekki veitufyrirtæki.

Iðnaðarsvæði við Álfsnesvík

Óveruleg breyting á deiliskipulagi

Hæðir tækja, hauga og skýla á lóð


25. júní 2021



A1234-116-U01

Greinargerð

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Iðnaðarsvæði við Álfsnesvík, dags. 29.5.2019. Í breytingunni felst að mesta hæð tækja, skýla og hauga á lóð verður 14 m í stað 12 m. Engar breytingar eru gerðar á uppdrætti.



Tilgangur

Ástæða breytingarinnar er að Björgun, sem er lóðarhafi hyggst koma færibaldi fyrir malarhörpu fyrir á lóðinni. Færibaldið er hluti af efnisvinnslutækjum sem vinna og flokka jarðefni í mismunandi stærðir. Færibaldið fæðir aðra hluta samstæðunnar og þarf því að fara hærra upp en hin. Á meðfylgjandi mynd¹ má sjá dæmi um sambærileg tæki og hér er um að ræða. Almennt er það lítill hluti tækjanna sem teygir sig hæst upp. Við og í kring um færibaldið koma önnur vinnslutæki; færibönd, hörpur og haugar sem fara almennt í um 6-12 m hæð.



Tæki, skýli og haugar á lóð Björgunar eru færanleg en ætlunin er að koma tækjasamstæðum fyrir á lóð vinnslunnar til lengri tíma. Á lóðinni er nú þegar, skv. skipulagi, gert ráð fyrir þeirri starfsemi sem tækin tilheyra og er því ekki um verulega breytingu að ræða frá sjónarhóli skipulags, þ.e. áhrif á

¹ Mynd Terex washing systems

<https://www.agg-net.com/news/terex-washing-systems-plant-for-patersons-quarries>

umhverfi, innviði og samfélag breytast ekki að ráði. Á hinn bóginn er mikilvægt að forsendur leyfisveitinga fyrir efnisvinnsluna séu réttar.

Breytingin

Í kafla 4.4. Sérskilmálar fyrir lóð, breytast skilmálar sem hér segir :

Skilmálar eru:

Hámarks byggingarmagn er 1.300 m³ og mesta hæð tækja, skýla og hauga 12 m og bygginga 8 m.

Skilmálar eftir breytingu:

*Hámarks byggingarmagn er 1.300 m³ og mesta hæð tækja, skýla og hauga **14 m** og bygginga 8 m.*

Stefna og áætlanir

Ekki er séð að fyrirhuguð breyting á skilmálum fyrir lóð stangist á við aðrar áætlanir né heldur er búist við að breytingin rekist á við hagsmuni nágranna eða á svæðisvísu.


Mat á áhrifum breytingarinnar

Breyting á heimilaðri hæð tækja, skýla og hauga víkur ekki frá notkun, nýtingarhlutfalli eða formi viðkomandi svæðis. Breytingin hefur hins vegar áhrif á útlit og þá nánar tiltekið leyfilega hæð skýla, tækja og hauga. Breytingin víkur ekki frá meginstefnu deiliskipulagsins.

Í umhverfismati deiliskipulagsáætlunarinnar kom fram að áhrif nýrrar lóðar Björgunar á landfyllingu og í skringum með nýrri vegtengingu á landslag/ásýnd væru neikvæð, þar sem ásýnd svæðisins myndi breytast. Til að draga úr áhrifum á ásýnd landmegin voru settir skilmálar í deiliskipulagið um að lóðin, og sú starfsemi sem hún hefur, skermuð af með mönum sem ná ~13/14 m yfir hæð lóðarinnar. Á opnu borgarlandi, sem liggur að lóðarmörkunum mun Reykjavíkurborg skv. deiliskipulaginu, koma fyrir belti af trjám og runnum. Tilgangurinn með trjáræktinni er m.a. að mynda skjól fyrir svæðið og gera umgjörð svæðisins hlýlega. Landslagsmótun og gróðursetning trjáa er því beitt markvisst til að draga úr sjónrænum áhrifum af mannvirkjum og starfsemi á lóð. Heimild til hækkunar heimildar fyrir tæki, skýli og hauga á lóð úr 12 í 14 m er ekki líkleg til að hafa veruleg áhrif umfram það sem var fyrirséð við gerð deiliskipulagsins.

Í umhverfismati framkvæmdarinnar er umfjöllun um áhrif landfyllingar, lóðar og áformaðrar starfsemi á henni á landslag og ásýnd. Lítið sem ekkert sést af framkvæmdasvæðinu frá þéttbýli Mosfellsbæjar og þau sem eiga leið um Álfnes sjá svæðið þegar komið er að urðunarsvæði Sorpu og frá Álfnesbænum. Svæðið sést vel frá Þerneyjarsundi og Þerney en þar eru fáir á ferli. Austurhluti lóðar Björgunar, inn til landsins, mun standa neðar en landið umhverfis, sem dregur úr áhrifum á ásýnd. Í niðurstöðu mats á ásýnd og landslag í matsskýrslu eru áhrif á ásýnd helst vera frá nærsvæðum við Álfnesvík og frá Þerney, en framkvæmdasvæðið sést ekki víða að eða frá svæðum þar sem fólk er almennt á ferli. Umfang tækja, skýla eða hauga sem færi upp í 14 m hæð er líklegt til að vera lítið. Heimild til hækkunar heimildar fyrir tæki, skýli og hauga á lóð úr 12 í 14 m er ekki líkleg til að hafa veruleg áhrif umfram það sem var fyrirséð við gerð matsskýrslu.

Til að skoða betur sjónræn áhrif breytingarinnar má líta á meðfylgjandi mynd til vinstri, úr matsskýrslu framkvæmdarinnar sýnir svæði innan tveggja eða fjögurra km fjarlægðar þar sem sjá má 12 m hátt mannvirki sem staðsett yrði á lóð Björgunar. Verulega dregur úr áhrifum á ástýnd þegar fjarlægð frá framkvæmdasvæði er orðin meiri en 2 km (innri hringur) og er mjög lítil þegar fjarlægð er meiri en 4 km (ytri hringur). Til samanburðar til hægri er ný greining sem sýnir hvaðan 14 m hátt mannvirki sem staðsett yrði á lóð Björgunar sæist, sem 12 m há mannvirki sáust ekki áður.



Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í

_____ þann _____ 20____.

Til samræmi við heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga I.F. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20____.

² Matsskýrslu fyrir landfyllingu og höfn fyrir efnisvinnslu Björgunar á Álfsnesi má sjá á vefsíðu Skipulagsstofnunar hér <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvæmda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1009#alit>